

# FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

**Númer fundar:** 306

**Dagsetning:** 05.02.2025

**Fundartími:** 08:15 – 12:15

**Fundarstaður:** Fundarsalur NO 4. hæð

**Fundarstjóri og ritari:** Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

---

## Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður  
Geir Kristinn Aðalsteinsson  
Hilda Jana Gísladóttir  
Sóley Björk Stefánsdóttir  
Þórhallur Jónsson  
Próstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi.

## Fjarverandi

## Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri  
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri  
Hjalti Steinn Gunnarsson, sviðsstjóri

## Gestir

Þorvaldur Þorsteinsson, VÍS  
Baldvin Ólafsson, VÍS  
Matthías Þorvaldsson, Gallup

---

## Dagskrá fundar

- Aðalfundur og ársfundur 2025
- Staða verkefna, Móahverfi og fleira
- Starfsáætlun stjórnar 2025
- Tryggingamál Norðurorku
- Þjónustukönnun Norðurorku
- Trúnaðarmál – skráð í trúnaðarmálagerðarbók
- Starfskjarastefna Norðurorku
- Trúnaðarmál – skráð í trúnaðarmálagerðarbók
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Húsnæðismál

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

### 1. Aðalfundur og ársfundur 2025

Nú er hafinn undirbúningur fyrir aðal- og ársfund Norðurorku sem áætlað er að haldnir verði miðvikudaginn 9. apríl 2025. Umræður um efnistöð og skipulag í kringum þessa tvo fundi.

**Til umræðu.**

### 2. Staða verkefna, Móahverfi og fleira

Sviðsstjóri framkvæmdasviðs kom inn á fundinn og fór yfir stöðu verkefna, m.a. Móahverfis.

**Til kynningar og umræðu**

### 3. Starfsáætlun stjórnar

Lögð fram endurskoðuð drög að starfsáætlun stjórnar NO fyrir árið 2025. Þar hefur verið tekið tillit til stefna félagsins og þær settar á dagskrá. Lagt fram yfirlit yfir stefnur Norðurorku, hvaða stefnur eru í gildi, hvenær þær skulu endurskoðaðar og hvaða stefnur þarf að móta og innleiða.

**Stjórn samþykkir starfsáætlun.**

### 4. Tryggingamál Norðurorku

Í samræmi við 2. mgr. 1. gr. starfsreglna stjórnar komu fulltrúar VÍS á fundinn til að fara yfir tryggingar Norðurorku og svara spurningum þar um.

**Stjórn gerir ekki athugasemdir við tryggingarvernd félagsins.**

### 5. Þjónustukönnun Norðurorku

Matthías Þorvaldsson hjá Gallup fór yfir helstu niðurstöður þjónustukönnunar sem framkvæmd var í lok árs 2024. 490 manns, 18 ára og eldri íbúar í póstnúmerum 600 - 630 svöruðu könnuninni.

Helstu niðurstöður eru þær að 54,3% þeirra sem svöruðu eru jákvæð gagnvart Norðurorku, 40,7% hvorki né og 4,7% neikvæð. Einkunn Norðurorku er 3,6 en samanburðar einkunn Gallup er 3,7.

Þau sem svöruðu játandi að hafa verið í samskiptum við Norðurorku sl. 6 mánuði voru spurð hversu ánægð eða óánægð þau væru með viðmót starfsfólks NO. 89% voru mjög ánægð eða frekar ánægð með viðmót starfsfólksins, 7,5% hvorki né og 3,6% óánægð. Einkunn Norðurorku í þessari spurningu er 4,3 en samanburðareinkunn Gallup er 4,0.

Spurt var "Þegar á heildina er lítið hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu Norðurorku" og svöruðu 58,6% því til að þau væru mjög ánægð eða frekar ánægð, 37,5% svöruðu hvorki né og 4% voru óánægð. Hér er einkunn Norðurorku 3,7 og samanburðar-einkunn Gallup var 3,8.

**Til kynningar.**

### 6. Trúnaðarmál

Skráð í trúnaðarmálagerðarbók.

### 7. Starfskjarastefna

Á 305. fundi stjórnar var stjórnarformanni og forstjóra falið að afla upplýsinga til að undirbyggja vinnu við gerð starfskjarastefnu Norðurorku. Farið yfir gögnin sem aflað hefur verið og fyrstu drög að starfskjarastefnu.

**Stjórn samþykkir starfskjarastefnu sem lögð verður fyrir eigendafund félagsins til samþykktar.**

**8. Trúnaðarmál**

*Skráð í trúnaðarmálagerðarbók.*

**9. Upplýsingagjöf til stjórnar**

*Frestað.*

**10. Húsnæðismál**

*Frestað.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15